

FRAMTÍÐARSÝN TR

2021

Framúrskarandi þjónusta

- Leiðbeiningar og upplýsingar veittar á fjölbreyttan hátt
- Viðskiptavinir annast sín mál á Mínum síðum
- Vefsíða mætir margvíslegum þörfum viðskiptavina

Fagmennska í starfsháttum

- Viðurkenndir gæðastaðlar og upplýsingaöryggi tryggt
- Rafræn samskipti við fagaðila
- Verkferlar einfaldir og skilvirkir

Framsækinn vinnustaður

- Hæfni starfsfólks tryggð með virkri starfsþróun
- Hvetjandi starfsumhverfi, góður starfsandi og jafnrétti
- Áhersla á samfélagsvitund og virðingu fyrir umhverfinu

Framtíðarsýn TR er að veita framúrskarandi þjónustu, sýna fagmennsku í starfsháttum og vera framsækinn vinnustaður.

Gildi TR

TRAUST

Að vera fagleg og áreiðanleg í störfum okkar

SAMVINNA

Að vinna saman að því að mæta ólíkum þörfum viðskiptavina


METNAÐUR

Að sýna frumkvæði og beina kröftum okkar og þekkingu að því að gera sífellt betur



UPPLÝSINGA- ÖRYGGISSTEFNA TR

TR



TR



TRYGGINGASTOFNUN

Upplýsingaöryggisstefna TR

Upplýsingaöryggisstefna Tryggingastofnunar lýsir áherslu stofnunarinnar á verndun upplýsinga og öryggi í upplýsingavinnslu.

Verja þarf upplýsingar í vörslu TR fyrir innri og ytri ógnum, hvort sem þær stafa af ásetningi eða gáleysi.

TR ber að hlíta lögum, reglugerðum, ábendingum og reglum eftirlitsstofnana um starfsemi TR. Framkvæmd stefnunnar er mikilvæg til að fullvissa stjórnvöld, viðskiptavinum, starfsmenn og samstarfsaðila um að TR stjórnir með ábyrgum hætti öryggi upplýsinga sinna.

Upplýsingaöryggisstefnan er hluti af stjórnkerfi upplýsingaöryggis hjá TR og er í samræmi við ISO 27001 staðalinn.

Umfang

- Stjórnkerfi upplýsingaöryggis hjá TR nær til allrar starfsemi stofnunarinnar og þjónustu sem TR veitir viðskiptavinum.
- Stjórnkerfið nær einnig til allra kerfa, hug- og vélbúnaðar í eigu TR sem eru í starfsstöðvum stofnunarinnar.

Stefna

- Að varðveita og hámarka öryggi upplýsinga TR á skilvirkan hátt ásamt því að lágmarka rekstraráhættu og tryggja samfelldan rekstur.
- Að varðveita leynd, réttleika og tiltækileika og aðgengi að gögnum og upplýsingum í vörslu TR.
- Að upplýsingar berist ekki óviðkomandi af ásetningi eða gáleysi.
- Að stuðla að virkri öryggisvitund starfsmanna, þjónustuaðila, viðskiptavina og gesta.
- Stefna TR í upplýsingaöryggismálum er nánar útfærð í gæðahandbók Tryggingastofnunar.

Ábyrgð

- Forstjóri, framkvæmdastjórn og sýslumenn sjá til þess að upplýsingaöryggisstefnunni sé fylgt.
- Starfsmönnum TR og umboða, verktökum og þjónustuaðilum ber að vinna samkvæmt upplýsingaöryggisstefnunni.
- Tryggingastofnun stuðlar að því að þessari stefnu sé framfylgt með ráðstöfunum í samræmi við störf og ábyrgð viðkomandi starfsmanna, verktaka og þjónustuaðila.
- Tilkynna skal frávik og veikleika vegna upplýsingaöryggis til yfirmanns á Upplýsingatæknisviði.